

Að færa gögn/myndrit milli Excel og Word

Hægt er að afrita gögn milli Excel og Word með **Copy/Paste** skipununum (Afrita/Líma).

Einnig er hægt að tengja saman gögn úr þessum forritum, þ.e. ef gögnin í Excel-skjalinu breytast þá breytast þau einnig í Word-skjalinu.

Hægt er að stjórna því hvort tengingin sé sjálfvirk eða ekki.

Afritun á gögnum með Copy/Paste (Afrita/Líma) án tengingar milli forrita

Hægt er að velja hvort gögnin sem afrituð voru komi sem tafla, mynd eða venjulegur ómótaður texti.

Þá koma ekki hnitlínur (**Gridlines**) á bak við hann eins og í Excel.

Hægt er að breikka eða mjókka dálka töflunnar ef hún er afrituð (**Copy – Paste**).

Engin tenging er á milli gagnanna ef þau eru afrituð með **Copy – Paste** (Afrita – Líma).

Þá breytast gögnin í Word **ekki** þó gögnin í Excel breytist.

Taflan sem á að afrita er sett í blokk og afrituð með því að smella á **Copy** (Afrita) eða **Ctrl+C**


Síðan er farið í Word-skjalið og hún sótt með því að smella á **Paste** (Líma) eða **Ctrl+V**

Þá birtist taflan nákvæmlega eins og hún var í Excel.

Ef tafla er afrituð úr Excel yfir í Word býr Word sjálfkrafa til samsvarandi töflu.

Allar útlitsskipanir halda sér (feitletur, aukastafir o.s.frv.).

Einnig er hægt að setja útlit á töfluna að eigin ósk.



Afritun á gögnum með tengingu milli forrita – Copy – Paste Special – Paste link


Þegar myndrit er afritað úr Excel yfir í Word er tenging milli skjalanna ef það er afritað þannig:

Paste	Paste Special	Paste link:	Microsoft Excel Chart Object
(Líma)	Líma sérstaklega	Líma tengil:	Microsoft Excel Chart hlutur)

Myndritið í Excel er valið, smellt á **Copy** (Afrita) og það afritað yfir í Word:

Paste	Paste Special	<u>Paste link</u>
	Microsoft Excel Chart Object	
Líma	Líma sérstaklega	<u>Líma tengil</u>
	Microsoft Excel Chart hlutur	

Tenging er á milli myndritsins í Excel og Word, þ.e. ef því er breytt í Excel breytist það einnig í Word-skjalinu.



Myndrit uppfært

Smella þarf á myndritið í Word og ýta á hnappinn **F9** til að uppfæra það eða ýta á hægri músarhnapp og velja **Update Link** (Uppfæra tengil) af lista.

